

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn í skólanum 16. desember 2019 kl. 15.00

Mættir: Sigurður Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Sigríður Guðnadóttir fulltrúi kennara, Karen Hrund Heimisdóttir fulltrúi kennara, Ingunn Guðnadóttir 9. bekk, Ernest Brulinski 9. bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega Sigurð, nýjan fulltrúa foreldra. Gengið til dagskrár.

1. Breyting á tímasetningu skólaráðsfunda fyrir skólaárið 2019-2020
Ákveðið að færa fundartímann til kl. 8.10 í stað kl. 15.00
2. Heimanámsstefna skólans
Skólastjóri kynnti heimanámsstefnu skólans og tilurð hennar. Hún hefur verið birt á heimasíðu skólans og verið kynnt í fræðslunefnd.
3. Niðurstöður nemendapings
Skólastjóri kynnti niðurstöður nemenda frá nemendapingi 6. – 10. bekkja sem var á Degi mannréttinda barna 20. nóvember sl. Nemendaráð mun kynna niðurstöðurnar fyrir nemendum á nýju ári.
4. Forvarnaráætlun skólans
Skólastjóri kynnti vinnu við gerð forvarnaráætlunar skólans. Verið er að undirbúa hana til birtingar á heimasíðu skólans.
5. Önnur mál
Ekkert sérstakt kom fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.55
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari